

# ÁRSSKÝRSLA STÍGAMÓTA

1998

## STÍGAMÓT

Vesturgötu 3, Reykjavík

s. 562 68 68 | 562 68 78

Fax 562 68 57

800 68 68

Netfang [stigamot@isholf.is](mailto:stigamot@isholf.is)

Vefsíða [www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)

# Ársskýrsla Stígamóta árið 1998

## Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta.

Hinn 8. mars 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins viðtök samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna.

Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starfýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfssemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir fórnariömb kynferðisofbeldis heldur hvornig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og byggja í starfi á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Íkjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990. Í ár höldum við því upp á 9 ára starfsafmæli.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfis kenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta feministískra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á feministískum kenningum um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þolenda og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru nánast alfarið karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kúgunar kvenna. Hvaða kona eða barn sem er á á hættu að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við lítum því svo á að þeir sem beita kynferðisofbeldi noti það sem stjórnæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem ofbeldið beinist að. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þolendum þess. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

## Skipulag Stígamóta.

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og starfshættir allir markast af því. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Við ráðningu starfskvenna er meðal annars tekið mið af því hvort þær hafi sjálfar hafi verið beittar kynferðisofbeldi. Menntun ein og sér tryggir ekki góðan skilning á vanda þolenda kynferðisofbeldis. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra, sem hingað leita.

Sérstakur framkvæmdahópur, skipaður fulltrúum frá Kvennaráðgjöf, Kvennaathvarfi og fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúa starfskvenna, tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum, hefur

yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Tekjur Stígamóta eru greiðslur samkvæmt þjónustusamningi við félagsmálaráðuneyti og sveitarstjórnirnar í Hveragerði, Höfn í Hornafirði og á Sauðárkróki. Auk þess hafa Stígamót notið styrkja til starfsemi sinnar frá nokkrum öðrum sveitarfélögum, einstaklingum og fyrirtækjum. Samkvæmt ársuppgjöri ársins 1998 var rekstrarkostnaður Stígamóta um 15 milljónir króna.

Á árinu voru ýmist fimm eða sex starfskonur í föstu hlutastarfi á Stígamótum í sem svarar 3,25 stöðugildum. Fastir starfsmenn Stígamóta voru Bergrún Sigurðardóttir, Björg Gísladóttir, Guðrún Jónsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Sigríður Marteinsdóttir Theódóra Þórarinsdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir. Guðrún Jónsdóttir og Sigríður Marteinsdóttir létu af störfum á starfsárinu.

Auk fastra starfskvenna vann fjöldi kvenna ólaunuð störf á skrifstofunni á álagstímum. Allt starfleiðbeinenda í sjálfshjálparhópum var unnið utan fasts vinnutíma.

Skrifstofa Stígamóta var opin milli kl. 9.00 og 19.00 alla virka daga eins og undanfarin ár.

## **Starfsemi Stígamóta.**

### Ríkjandi gildi í starfsháttum.

Feministískar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunngildi í starfi með þolendum þess, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða í hópum.

Feministisk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir eru kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga, heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð þolenda við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstöðum. Vinnan á Stígamótum felst því í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að þeir sem hingað leita séu "sérfræðingarnir" það er að segja enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því ofbeldi hefur verið beittur. Við leitumst því við í starfi okkar að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfskvenna og þeirra sem aðstoðar leita.

Þessar hugmyndir leitumst við við að endurspeglar í öllu starfi hvort heldur er um að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

### Einstaklingsmiðuð ráðgjöf.

Fólk á öllum aldri leitartil Stígamóta: konur, karlar, unglingar og börn, sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja það í orð, eru fyrstu skrefin í þá veru að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þolenda. Þolendur ráða sjálfir ferðinni, hve mikinn stuðning þeir vilja og í hve langan tíma. Margir þolendur velja að taka þátt í sjálfshjálparhóp eftir nokkur einstaklingsviðtöl. Aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf.

Stuðningur og ráðgjöf starfskvenna Stígamóta er ekki eingöngu bundinn við þolendur kynferðisofbeldis. Aðstandendur þolenda, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum, óski þeir þess.

Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma. Það er einkum fólk á landsbyggðinni sem notfærir sér þessa leið, bæði þolendur, aðstandendur þeirra og fólk í barnaverndarnefndum svo og kennarar og leikskólakennarar, sem eru á grun um að barn í þeirra umsjá kunni að hafa verið beitt kynferðisofbeldi.

## Sjálfshjálparhópar.

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfshjálparhópar verið kjarninn í starfseminni. Boðið er upp á hópa fyrir konur, sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum. Þá starfa einnig sérstakir hópar fyrir mæður þolenda kynferðisofbeldis. Reynslan af sjálfshjálparstarfinu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum koma konur saman til þess að sækja þangað styrk til að takast á við vandamálin, sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi sem þessu er einangrun rofin, þar veita þátttakendur hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir þar í samskiptum þátttakenda.

Í hverjum sjálfshjálparhópi eru að jafnaði 5-6 konur og tveir leiðbeinendur. Leiðbeinendur eru konur, sem sjálfar hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og hafa unnið úr þeirri sáru reynslu. Hóparnir eru lokaðir og hittast í 15 skipti með leiðbeinendum á þriggja mánaða tímabili. Árið 1998 störfuðu 8 sjálfshjálparhópar á Stígamótum. Sex hópar þolenda sífjaspella, tveir hópar þolenda nauðgunar og einn foreldrahópur. Að vanda var haldið námskeið fyrir leiðbeinendur í sjálfshjálparhópum.

## Barnastarf Stígamóta.

Á árinu 1997 var efnt til samstarfs við Barnaverndarstofu, til þess að sinna betur þörfum barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og nánustu aðstandendum þeirra. Hópastarfið hófst í maí 1997 og fór fram í húsnæði Stígamóta. Umsjón með barnahópunum hafði Dána Sigurðardóttir, leikskólakennari en starfsskona Stígamóta annaðist starfið í foreldrahópunum. Ráðgjöf við undirbúning starfsins veitti Gyrid Hagman, geðlæknir. Tveir hópar barna á aldrinum 7-16 ára og tveir hópar foreldra þeirra, störfuðu á árinu. Sálfræðingur á vegum Barnaverndarstofu annaðist mat á þessu hópstarfi og skilaði um það skýrslu árið 1997. Niðurstöður hennar voru að hópstarfið hafði verið árangursríkt og bætt líðan bæði barna og foreldra.

Það skal áréttað hér að viðtöl eða annað starf með börnum sem grunur leikur á að hafi verið beitt kynferðisofbeldi ferekki fram á Stígamótum nema að fyrir liggja beiðni frá viðkomandi barnaverndarnefnd um það. Mjög margir foreldrar og aðstandendur hringja þó hingað og leita ráða um hvernig þau eigi að bregðast við, hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd eða lögreglu. Um 100 einstaklingar höfðu samband á árinu og var um helmingur þeirra af stór-Reykjavíkursvæðinu.

## Annað hópstarf.

Umræðuhópur um kynlíf. Í starfi okkar höfum við orðið varar við að afleiðingar kynferðisofbeldis veldur fjölmörgum konum erfiðleikum í kynlífi. Umræðuhópur um kynlíf er ein leið til að vinna bug á þeim erfiðleikum. Einn umræðuhópur um erfiðleika í kynlífi starfaði á árinu.

Reiðihópur er hópur til að vinna á reiðinni. Markmið hópsins er að nýta ákveðnar leiðir til að fá útrás fyrir reiði. Einn slíkur hópur starfaði á árinu.

Ákveðniþjálfun fyrir konur sem leita aðstoðar á Stígamótum miðar að því að gera þátttakendur meðvitaðri um eigin tjáskipti og annarra. Markmiðið er að styrkja sjálfsmynd þátttakenda, auka sjálfstæði þeirra og ákveðni.

Stígamót standa fyrir sjálfsvarnarnámskeiði fyrir konur. Markmið sjálfsvarnar-námskeiða er annars vegar að kenna konum einföld líkamleg varnarviðbrögð ef á þær erráðist og hins vegar að efla sjálfstraust kvenna.

## Útihátíðir.

Eins og á undanföllum árum gengust Stígamót fyrir sérstöku átaki gegn nauðgunum í tengslum við útihátíðir um verslunarmannahelgi. Ákveðið var að leggja megin áherslu á forvarnarstarf þetta ár sem og árin á undan. Handhægum fræðslubæklingi fyrir ungmenni um nauðgun, hvað væri hægt að gera til þess að reyna að forðast nauðgun og hvað ætti að gera væri einhverjum nauðgað, var dreift meðal útihátíðargesta á helstu brottfararstöðum í borginni. Einnig lágu þeir frammi á bensínafgreiðslum og sölutumum víðsvegar um landið. Að beiðni forsvarsmanna "Halló Akureyri" voru tveir ráðgjafar á vegum Stígamóta að störfum þar um verslunarmannahelgina 1998.

## Orlofshús í Vopnafirði.

Vorið 1994 bauð Vopnafjarðarhreppur Stígamótum og Kvennaathvarfi afnot af húsi í hreppnum til sumardvala fyrir þá sem leita aðstoðar Stígamóta og Kvennaathvarfs.

## Ráðstefnur og alþjóðatengsl.

Evrópsk kvennasamtök WAVE efndu til ráðstefnu, um baráttu kvenna gegn kynferðisofbeldi. Ráðstefnan var haldin í Vín í Austurríki og sóttu hana tvær af starfskonum Stígamóta. Guðrún Jónsdóttir kynnti þar starfsemi okkar og baráttuna gegn kynferðisofbeldi hér á landi. Þátttaka fulltrúa frá Stígamótum í alþjóðlegum ráðstefnum kvenna gegn kynferðisofbeldi hefur leitt til þess að við erum nú aðilar að margháttaðu alþjóðlegu samstarfi kvenna á þessu sviði.

Einnig sóttum við málþing og ráðstefnur, hér á landi, sem snertu kynferðisofbeldi.

## Námskeið og fræðslufundir á vegum Stígamóta

Á þeim níu árum, sem Stígamót hafa starfað, hafa starfskonur sinnt námskeiða- og fræðslustarfi. Beiðnir um námskeið og fræðslufundi um kynferðisofbeldi hafa borist víðs vegar að af landinu, oftast að frumkvæði skóla eða félagsmálaráða í byggðar-lögunum. Mörg félög hafa einnig falast eftir fræðsluerindum á fundum sínum og starfskonur hafa rætt um þessi mál við nemendur í efstu bekkjum nokkurra grunnskóla.

Á árinu voru haldin 10 fræðsluerindi um kynferðisofbeldi og afleiðingar þess í skólum og á vegum ýmissa félagasamtaka.

Talsverður fjöldi skólafólks úr efstu bekkjum grunnskóla, á framhalds- og á háskólastigi leitaði til Stígamóta vegna verkefna um kynferðisofbeldi, sem þau voru að vinna að. Þessir nemendur hafa bæði fengið kynningu á starfi Stígamóta, lesefni um málaflökkinn og ábendingar um frekari heimildir.

## Málþing um kynferðisofbeldi.

Haustið 1996 höfðu Stígamót frumkvæði að því að kalla saman konur frá ýmsum félagasamtökum í því skyni að kanna hvort áhugi væri ekki á því að standa saman að almennu fræðsluátaki um kynferðisofbeldi. Niðurstaða þessa frumkvæðis var að ákveðið var að efna til málþinga um kynferðisofbeldi. Málþingin voru haldin fimm laugar daga í röð í byrjun árs. Þar fluttu erindi fulltrúar frá öllum þeim stofnunum og samtökum sem sinna þessum málum þar á meðal þrjú fulltrúar Stígamóta. Málþingin voru afar fróðleg og vel sótt. Á síðasta málþinginu var samþykkt að undirbúa stofnun samtaka sem hefði það að markmiði að vinna gegn kynferðisofbeldi. Undirbúningshópur vann að stofnun samtaka þessara og var stofnfundur þeirra í október s.l. Nefnast samtökin Samstaða gegn kynferðisofbeldi og eru Stígamót aðili að þeim.

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að kynna þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem notaðar eru við tölfræðilega úrvinnslu í skýrslu þessari.

*Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.*

*Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.*

Á árinu 1998 leituðu 367 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 178 einstaklingar að leita sér aðstoðar í fyrsta skipti. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 1998 miðast eingöngu við síðari hópinn, það er 178 einstaklinga.


Frá stofnun Stígamóta 1990 til ársloka 1998 hafa 2598 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum í fyrsta skipti. Jafnframt er þess að geta að 4064 ofbeldismenn hafa beitt þessa þolendur kynferðisofbeldi.

Það er ljóst að af þessum tölum að sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleirum en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Í töflu 32 síðar í skýrslunni kemur einnig fram að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 1998 og hins vegar er þar að finna í nokkrum tilvikum samanburð á sjö síðustu starfsárum, en þann tíma hefur farið fram samræmd skráning tölulegra upplýsinga.

**Tafla 1a Skipting þolenda eftir kyni.**

	Fjöldi	Hlutf.
Konur	171	96,1%
Karlar	7	3,9%
	178	100%




**Tafla 1b Fjöldi viðtala árið 1998**

Ný mál	Endurkomur	Heildarfjöldi viðtala
178	189	2002


Tafla 1a sýnir fjölda einstaklinga sem leitað hafa til Stígamóta í fyrsta skipti síðast liðin 7 ár. Konur eru í miklum meirihluta sem leita til Stígamóta. Eins og samanburðartaflan ber með sér hafði körlum sem leituðu aðstoðar minnað miðað við fyrri ár. Hlutfallslega hefur þeim fjölgað árið 1998. Einnig sýnir tafla 1b fjölda viðtala á árinu og fjölda þeirra einstaklinga sem áður hafa leitað til Stígamóta en leita aftur.

Tafla 2a Ástæður þess að leitað er til Stígamóta 1998

	Fjöldi	Hlutf.
Sifjaspell og afleiðingar þeirra	139	63,5%
Nauðganir og afleiðingar þeirra	63	28,8%
Grunur um sifjaspell	1	0,5%
Kynferðisleg áreitni	14	6,4%
Annað	2	0,9%
	219	100%



Tafla 2b Samanburður milli ára.



Í töflu 2a má sjá hver ástæðan er fyrir komu þeirra er leituðu til Stígamóta árið 1998. Samtalan í töflunni ber með sér að 41 þolandi hafði verið beittur fleiri en einni tegund ofbeldis. Flestir koma vegna sifjaspella og afleiðinga þeirra eða 63,5%. 63 einstaklingar eða 28,8% voru beittir nauðgunum. Í þeim málum og öðrum sem snerta börn innan 18 ára var aðstandendum bent á að leita til viðkomandi barnaverndarnefnda eða lögreglu í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna. Þeir sem leita vegna kynferðislegrar áreitni eru bæði börn, sem verða fyrir áreitni af hendi ókunnugra karla og fullorðnar konur, sem beittar voru kynferðislegri áreitni, oftast á vinnustað.

Tafla 2b er samanburðartafla um ástæður þess að leitað er aðstoðar Stígamóta síðast liðin sjö ár.

Tafla 3 Hverjir leita til Stígamóta í fyrsta viðtal 1998?

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	
	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Polanda	86,8%	93,9%	92,5%	91,2%	91,8%	81,9%	164	92,1%
Foreldra polanda	0,0%	0,6%	0,3%	0,7%	1,2%	0,0%	1	0,6%
Móður polanda	8,6%	4,9%	5,2%	7,1%	5,5%	15,3%	8	4,5%
Faðir	0,0%	0,0%	0,9%	0,0%	0,4%	0,5%	0	0,0%
Systkini	3,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Eiginmann polanda	0,0%	0,3%	0,6%	1,1%	0,8%	0,0%	0	0,0%
Vinkona	0,4%	0,0%	0,3%	0,0%	0,4%	0,5%	1	0,6%
Annað	1,1%	0,3%	0,3%	0,0%	0,0%	1,9%	4	2,2%
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	178	100%
<i>Fjöldi</i>	456	309	346	283	256	215		

Í töflu 3 kemur fram að oftast eru það polendur sjálfir sem koma í fyrsta viðtal. Í þeim tilvikum þegar annar en polandi kemur í fyrsta viðtal eru það að jafnaði einhverjir nákomnir, oftast mæður ungra barna.

Tafla 4a Aldur polenda þegar leitað er árið 1998

	Fjöldi	Hlutf.
0 til 4 ára	2	1,1%
5 til 10 ára	8	4,5%
11 til 15 ára	18	10,1%
16 til 19 ára	24	13,5%
20 til 29 ára	47	26,4%
30 til 39 ára	43	24,2%
40 til 49 ára	25	14,0%
50 til 59 ára	7	3,9%
60 ára og eldri	4	2,2%
	178	100%


Tafla 4b Aldur polenda þegar ofbeldið er framið.

	Fjöldi	Hlutf.
0 til 4 ára	8	4,7%
5 til 10 ára	106	62,4%
11 til 15 ára	23	13,5%
16 til 19 ára	19	11,2%
20 til 29 ára	9	5,3%
30 til 39 ára	2	1,2%
40 til 49 ára	2	1,2%
60 ára og eldri	1	0,6%
	170	100%

Tafla 4a sýnir aldur polenda þegar leitað er til Stígamóta en í töflu 4b kemur fram aldur þeirra þegar ofbeldið hófst. Flestir eru á aldrinum 16 ára til 49 ára eða 78,1 þegar leitað er aðstoðar.

Það er athyglisvert og mikið áhyggjuefni hversu stór hluti einstaklinga hefur sætt kynferðisofbeldi á barns- og unglingsaldri. Af töflu 4b má ráða að 80,6% þeirra sem leita aðstoðar 1998 voru beittir kynferðisofbeldi innan 16 ára aldurs og 91,8% þeirra sem komu á árinu voru 19 ára og yngri þegar ofbeldið átti sér stað.

Tafla 4c Súlurit, samanburður á aldri polenda þegar leitað er og aldri polenda þegar ofbeldið er framið.






Súluritið 4c sýnir annars vegar aldur þolenda þegar leitað er til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast við árið 1998.

Samanburðurinn leiðir einnig í ljós að þrátt fyrir tilvist Stígamóta síðast liðin átta ár er fólk enn að leita sér aðstoðar vegna kynferðisofbeldis sem átti sér stað fyrir 10-30 árum. Þessi staðreynd sýnir vel hversu mörgum reynist erfitt að leita aðstoðar vegna þessara mála og gera það ógjarnan fyrr en afleiðingar ofbeldisins eru orðnar afar þungbærar.


### Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður þolenda.

Tafla 5 Uppeldisaðstæður þolenda.



Flestir þolendur, sem leituðu til Stígamóta árið 1998 eða 80,3% ólust upp hjá báðum kynforeldrum, 9% ólust upp hjá öðru foreldri og 5,6% hjá móður og stjúpa.

Tafla 6 Hjúskaparstaða þolenda.




Tafla 7 Fjöldi barna þolenda.


	Fjöldi	Hlutf.
Ekkert	24	21,1%
Eitt	19	16,7%
Tvö	38	33,3%
Þrjú	23	20,2%
Fjögur	10	8,8%
Fimm	0	0,0%
	114	100%

Tölur 6 og 7 sýna hjúskaparstöðu þolenda þegar leitað er aðstoðar og fjölda barna þeirra. Í töflunni kemur fram að tæplega helmingur þolenda eru barnlausir. Í því sambandi verður að hafa í huga að tæp 30% þeirra sem leita aðstoðar eru 19 ára og yngri (sbr. tafla 4a).

**Tafla 8a Menntun þolenda.**



**Tafla 8b Atvinna þolenda.**



Töflurnar og súluritin hér að ofan bera með sér að bæði starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þolenda er margbreytilegur. Tölur ársins 1998 sýna að 1,7% þolenda eru innan við skólaaldur. Rúmlega þriðjungur eru við nám og 46,6% hafa hætt skólagöngu eftir skyldunám, rúmlega þriðjungur fer í framhaldsnám og 0,6% þolenda luku ekki skyldunámi.


Árið 1992 voru 5% þolenda atvinnulausir, 1993 voru þeir 9% en árið 1994 er hlutfallið 7,8%, árið 1995 er hlutfallið hið sama eða 7,8%. Árið 1996 er hlutfall atvinnulausra 8,2% og árið 1997 eru 3% þeirra er leita til Stígmóta atvinnulausir. En árið 1998 eru þeir 5,6%.

Eins og töflurnar sýna koma þolendur kynferðisofbeldis úr öllum starfsstéttum og menntun þeirra er mismunandi.

Tafla 9


Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað.

	Fjöldi	Hlutf.
Reykjavík	79	44,4%
Kópavogi	5	2,8%
Hafnarfirði	9	5,1%
Garðabæ	2	1,1%
Mosfellsbæ	2	1,1%
Úti á landi	71	39,9%
Erlendis	11	6,2%
Óvist um staðinn	3	1,7%
	178	



Tölurnar í töflunni taka aðeins til þess staðar sem þolendur urðu fyrst fyrir ofbeldi. Á undanfönum árum hefur ofbeldið átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu í 36,4-54,5% tilvika. Árið 1998 búa 54,5% þolenda á höfuðborgarsvæðinu þegar þeir verða fyrst fyrir kynferðislegu ofbeldi. Það sem í töflunni er flokkað úti á landi er bæði þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Kynferðislegt ofbeldi er sem sagt hvorki bundið við þéttbýli né dreifbýli, það á sér ekki landfræðileg mörk.

Tafla 10a Búseta þolenda þegar leitað er til Stígamóta.



Tafla 10b Búseta; samanburður milli ára.

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	
	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Reykjavík	54,4%	66,0%	58,4%	62,9%	62,1%	60,5%	120	67,4%
Kópavogur	9,9%	3,2%	3,2%	7,8%	4,7%	7,0%	6	3,4%
Hafnarfjörður	8,4%	6,8%	8,7%	5,3%	5,1%	4,7%	12	6,7%
Seltjarnarnes	0,4%	0,3%	0,9%	1,1%	0,0%	0,0%	1	0,6%
Garðabær	2,0%	1,9%	2,0%	0,0%	0,8%	1,9%	1	0,6%
Mosfellsbær	0,7%	2,9%	1,7%	2,1%	0,8%	1,4%	0	0,0%
Úti á landi	23,1%	17,8%	25,1%	18,7%	25,4%	22,8%	32	18,0%
Erlendis	1,1%	1,0%	0,0%	2,1%	1,2%	1,9%	6	3,4%
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	178	100%
Fjöldi	454	309	346	283	256	215		


Súluritið sýnir búsetu þolenda þegar þeir leita til Stígamóta árið 1998. Við höfum orðið áþreifanlega varar við það í starfi Stígamóta hversu miklum erfiðleikum það er bundið fyrir fólk sem býr úti á landi að leita sér aðstoðar vegna afleiðinga kynferðisofbeldis, sem það hefur verið beitt. Þrátt fyrir það býr tæplega fjórðungur þeirra sem leita aðstoðar utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Ótrúlega margir láta fjarlægðina frá höfuðborginni ekki aftra sér frá því að leita sér aðstoðar á Stígamótum. Íbúar landsbyggðarinnar notast einnig við símann til þess að leita sér stuðnings og aðstoðar. Þess er einnig vert að geta að við höfum reynt að stuðla að því með fræðslu og námskeiðahaldi að koma á sjálfshjálparhópum þolenda kynferðisofbeldis á landsbyggðinni. Nokkrir slíkir hópar eru starfandi þar. Það eru þolendur sjálfir sem sjá um rekstur hópanna, en þeir eru jafnframt í nánnum tengslum við starfsemi Stígamóta.

Í töflu 10b er gerð grein fyrir búsetu þolenda árin 1992 til 1998.

## Um ofbeldisverkin

Tafla 11 Líkamlegt ofbeldi í bernsku


	Fjöldi	Hlutf.
Já	30	16,9%
Nei	147	83,1%
	177	100%



Eins og sjá má á töflu 11 höfðu 30 einstaklingar sem leituðu til Stígamóta árið 1998 eða 16,9% búið við líkamlegt ofbeldi í bernsku. Hlutfall þeirra, sem beittir voru líkamlegu ofbeldi í bernsku er svipað frá ári til árs.

Tafla 12 Líkamlegt ofbeldi í hjúskap/sambúð.

	Fjöldi	Hlutf.
Já	20	11,2%
Nei	158	88,8%
	178	100%




Í töflu 12 kemur fram hversu margar þeirra kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 1998 höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi í hjúskap eða sambúð.

Frá árinu 1992 sýna tölur okkar að á milli 11,2% og 21,4% kvennanna sem leitað hafa til Stígamóta höfðu búið við líkamlegt ofbeldi í hjúskap eða sambúð.

Hugsanlegt er að þessar tölur, bæði hvað varðar ofbeldi í bernsku og í hjúskap/sambúð, séu vísbendingar um hlutfall þeirra barna/kvenna, sem beitt eru líkamlegu ofbeldi í samfélaginu í heild.

Tafla 13 Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Fjöldi
Eitt skipti	14,3%	21,4%	13,1%	19,5%	16,4%	12,4%	18
Þrjú mánuði	11,4%	8,7%	11,8%	7,3%	8,2%	3,9%	7
4 til 6 mánuði	4,7%	6,8%	3,7%	2,9%	8,7%	5,6%	4
6 til 12 mán.	7,6%	5,3%	4,1%	3,4%	3,7%	7,9%	5
Eitt ár	6,1%	5,8%	6,5%	6,8%	5,0%	5,6%	12
Tvö ár	8,5%	10,2%	12,2%	13,2%	15,1%	8,4%	22
Þrjú ár	8,7%	7,8%	9,4%	11,2%	15,1%	15,2%	14
Fjögur ár	9,9%	10,2%	11,4%	9,3%	9,6%	7,3%	14
Fimm ár	7,0%	6,3%	5,3%	8,8%	9,6%	10,7%	15
Sex ár	5,0%	4,9%	4,1%	4,9%	1,8%	5,1%	8
Sjö ár	3,2%	3,9%	5,3%	1,5%	0,9%	2,8%	2
Átta ár	5,0%	2,4%	5,7%	4,9%	1,4%	2,8%	2
Níu ár	3,5%	1,9%	1,2%	1,5%	0,5%	1,1%	2
Tíu ár	0,9%	1,5%	3,3%	2,4%	3,7%	1,1%	2
Lengur	4,4%	2,9%	2,9%	2,4%	0,5%	3,9%	0
Óvíst	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	6,2%	9
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	136
Fjöldi	343	206	245	205	219	178	100%



Tölurnar um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir, ber að taka með varúð. Það reynist þolendum oftast erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd, sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar.

Súluritið sýnir hve lengi sífjaspellin stóðu, borið saman eftir árum.

**Tafla 14 Hvar átti kynferðislega ofbeldið sér stað?**

	Fjöldi	Hlutf.
Á sameiginlegu heimili	61	35,5%
Á heimili þolanda	29	16,9%
Á heimili ofbeldismanns	49	28,5%
Á vinnustað þolanda	1	0,6%
Á vinnustað ofbeldismanns	15	8,7%
Á viðavangi / á leikvelli	9	5,2%
Sumardvöl	6	3,5%
Annars staðar	20	11,6%
	172	

	Fjöldi	Hlutf.
Vitað	172	96,6%
Á ekki við / grunur	5	2,8%
Óvíst	1	0,6%
	178	100%


Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á sameiginlegu heimili þolanda og ofbeldismanns; á heimili þolandans eða heimili ofbeldismanns.

Í töflunni sem merkt er "annars staðar" eru um að ræða staði eins og bifreiðar, í tjaldi, í samkvæmi í heimahúsum eða í öðru húsnæði, sem ekki fellur undir hina staðina. Í töflunni kemur aðeins fram fyrsti staðurinn þar sem þolendur eru beittir ofbeldi.

**Tafla 15a Sagði þolandi frá ofbeldinu?**


	Fjöldi	Hlutf.
Já	36	20,2%
Nei	142	79,8%
	178	100%

	Fjöldi	Hlutf.
Móður	20	54,1%
Föður	7	18,9%
Systkini	3	8,1%
Öðrum í fjölskyldu	3	8,1%
Vini / vinkonu	11	29,7%
Fagaðila	2	5,4%
Einhverjum öðrum utan fjölsk	2	5,4%
	37	



**Tafla 15b Var viðkomandi trúað?**

	Fjöldi	Hlutf.
Ekki trúað	8	22,2%
Trúað	28	77,8%
	36	100%




Tafla 15a sýnir hve margir sögðu frá ofbeldinu meðan það átti sér stað eða strax eftir að því lauk. Árið 1998 er það rúmlega 1/4 hluti, sem það hefur gert. Taflan sýnir einnig hverjum þolandi sagði þá frá, en í tæplega 55% tilvika var það móðir þolanda. Súlu ritið sýnir samanburð milli ára.

Tafla 15b sýnir að af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 1998 og sögðu frá ofbeldinu var 28 eða 77,8% þeirra trúað og eitthvað gert í málinu.


Tafla 16 Hverjum hefur þolandi sagt frá ofbeldinu, þegar leitað er til Stígamóta?

	Fjöldi	Hlutf.
Eiginmanni / sambýlismanni	66	37,1%
Móður	58	32,6%
Föður	27	15,2%
Systkinum	26	14,6%
Ömmu	4	2,2%
Afa	1	0,6%
Vinum / kunningjum	77	43,3%
Öðrum	22	12,4%
Engum	4	2,2%
	178	



Taflan sýnir hversu mörgum og hverjum þolendur hafa sagt frá því ofbeldi, sem þeir hafa verið beittir þegar þeir koma til Stígamóta. Í langflestum tilvikum hafa þolendur sagt einhverjum frá, oftast mæðrum sínum, mökum, vinkonum eða vinum.


Tafla 17 Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis.



Þær erreynt að gefa til kynna tölulega þær afleiðingar kynferðisofbeldis, sem þolendur nefna oftast. Í töflunni og súlu ritinu er getið um "svipmyndir", um er að ræða að myndir tengdar kynferðisofbeldinu skjóta skyndilega bláan fyrirvara upp kollinum í huga þolanda og valda miklu hugarangri. Sektarkennd, skömm, léleg sjálfsmynd, depurð og þunglyndi og erfiðleikar í nánum tengslum og í kynlífi eru algengustu og erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Undir liðnum annað flokkast til dæmis átröskun.

**Tafla 18a Sjálfsvígstílaunir þolenda.**

	Fjöldi	Hlutf.
Já	27	15,2%
Nei	151	84,8%
	178	100%




**Tafla 18b Samanburður milli ára.**

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Fjöldi Hlutf.
Já	16,0%	14,2%	16,5%	19,1%	14,5%	13,0%	27 15,2%
Nei	84,0%	85,8%	83,5%	80,9%	85,5%	87,0%	151 84,8%
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	178 100%
<i>Fjöldi</i>	456	309	346	283	256	215	

Af þeim þolendum sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 1998, höfðu 27 eða 15,2% gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga, sem er öllu hærra hlutfall heldur en frá árinu áður. Í töflu 18b er fjöldi og hlutfall þeirra, sem reynt hafa sjálfsvíg borin saman eftir árum.


**Tafla 19 Hvar hafa þolendur leitað aðstoðar þegar þeir koma til Stígamóta?**



Um helmingur þeirra, sem leituðu til Stígamóta árið 1998 höfðu áður leitað sér aðstoðar í heilbrigðis- og félagsmálakerfinu. Taflan og súluritið sýna til hvaða aðila hefur verið leitað. Vert er að geta þess að talsverður hluti þeirra höfðu leitað á fleiri en einn stað.



Tafla 20a Tengsl þolenda við ofbeldismenn.



Í töflu 20a kemur fram að 216 ofbeldismenn höfðu beitt þá 178 einstaklinga sem leituðu til Stígamótu árið 1998, kynferðisofbeldi. Aftöflunni má því ljóst vera að hluti þolenda hefur verið beittur ofbeldi af fleirum en einum ofbeldismanni. Súluritið sýnir tengslin milli þolenda og ofbeldismanna. Rétt er að vekja athygli á því að þeir, sem flokkast undir "vinir/kunningjar" eru til dæmis, hvað börnin snertir bændur eða aðrir sem börn eru vistuð hjá í sumardvöl eða skammtímafóstri. Í þessum hópi eru einnig vinir og kunningjar, sem hafa nauðgað þolendum.

Í töflu 20b eru tengsl ofbeldismanna við þolendur borin saman eftir tegund ofbeldis og árum. Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 9,3% ofbeldismannanna sem þolendur nefna árið 1998 eru þeim ókunnugir. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

Taflan ber einnig með sér að nauðganir eiginmanna/sambýlismanna eru ekki óalgengar en 12,6% þolenda hefur búið við slíkt ofbeldi.

Þá er þess að geta að á fyrri árum flokkuðust þeir sem nú falla undir flokkana mágur og fjölskylduvinur, undir frændur og vinir.

Tafla 20b

## Samanburður milli ára.

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	
	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Faðir	11,5%	6,8%	8,0%	9,3%	5,2%	11,6%	27	12,5%
Móðir	0,1%	0,0%	0,4%	0,7%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Stjúpfaðir	6,0%	4,1%	6,1%	4,2%	4,4%	5,8%	9	4,2%
Stjúpmóðir					0,5%	0,0%	1	0,5%
Afi	5,3%	5,0%	5,4%	4,9%	4,4%	5,8%	13	6,0%
Amma	0,1%	0,0%	0,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Bróðir	6,7%	8,9%	6,7%	8,1%	8,7%	6,8%	18	8,3%
Systir	0,1%	0,4%	0,4%	0,2%	0,0%	0,7%	0	0,0%
Frændi	17,7%	17,6%	16,9%	13,3%	10,9%	8,9%	34	15,7%
Frænka	0,4%	0,2%	0,2%	0,7%	0,8%	0,0%	3	1,4%
Vinur/kunningi	35,2%	33,3%	38,1%	29,2%	37,4%	19,8%	50	23,1%
Vinkona	0,3%	0,4%	0,0%	0,5%	0,0%	0,0%	2	0,9%
Eiginmaður/sambýlism.	5,6%	7,0%	5,2%	6,1%	3,8%	5,8%	8	3,7%
Ókunnugir karlar	11,1%	16,1%	10,9%	9,6%	6,3%	9,9%	20	9,3%
Mágur/giftur inn í fjölsk.	0,0%	0,0%	0,0%	3,9%	3,8%	5,5%	12	5,6%
Fjölskylduvinur	0,0%	0,0%	0,0%	6,1%	10,9%	11,6%	13	6,0%
Annað	0,0%	0,0%	1,5%	2,9%	2,7%	7,8%	6	2,8%
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	216	100%
	751	483	522	407	366	293		

## Sifjaspell

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	
	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Faðir	18,2%	11,3%	11,5%	15,2%	8,7%	18,5%	27	19,4%
Móðir	0,2%	0,0%	0,5%	0,8%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Stjúpfaðir	9,5%	6,9%	8,8%	7,2%	6,8%	9,6%	9	6,5%
Stjúpmóðir					0,9%	0,0%	1	0,7%
Afi	8,5%	8,2%	7,7%	8,4%	7,3%	9,6%	13	9,4%
Amma	0,2%	0,0%	0,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Bróðir	10,6%	14,8%	9,6%	13,9%	14,6%	11,2%	18	12,9%
Systir	0,2%	0,7%	0,5%	0,4%	0,0%	1,1%	0	0,0%
Frændi	25,8%	29,2%	24,2%	21,5%	18,3%	14,0%	34	24,5%
Frænka	0,6%	0,3%	0,3%	1,3%	0,9%	0,0%	2	1,4%
Vinur/kunningi	25,8%	27,8%	36,5%	14,3%	16,9%	3,9%	14	10,1%
Vinkona	0,4%	0,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1	0,7%
Eiginmaður/sambýlism.	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%		0,0%
Ókunnugir karlar	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,8%		0,0%
Mágur / giftur inn í fjölsk.	0,0%	0,0%	0,0%	6,3%	5,5%	5,6%	8	5,8%
Fjölskylduvinur	0,0%	0,0%	0,0%	8,9%	17,4%	16,9%	9	6,5%
Annað	0,0%	0,0%	0,0%	1,7%	2,7%	6,7%	3	2,2%
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	139	100%
	473	291	364	237	219	178		

## Nauðgun


	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	
	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Faðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%	0	0,0%
Móðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Stjúpfaðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Afi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Bróðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Frændi	4,0%	0,0%	0,0%	1,9%	0,0%	1,0%	0	0,0%
Frænka	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Vinur/kunningi	51,1%	41,7%	46,8%	51,9%	72,2%	47,4%	30	47,6%
Vinkona	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	0,0%	0,0%	0	0,0%
Eiginmaður/sambýlism.	15,1%	17,7%	17,1%	16,2%	10,5%	17,5%	8	12,7%
Ókunnugir karlar	29,9%	40,6%	36,1%	23,4%	15,0%	21,6%	17	27,0%
Mágur / giftur inn í fjölsk.	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	1,5%	4,1%	3	4,8%
Fjölskylduvinur	0,0%	0,0%	0,0%	1,3%	0,8%	1,0%	3	4,8%
Annað	0,0%	0,0%	0,0%	3,9%	0,0%	6,2%	2	3,2%
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	63	100%
	278	192	158	154	133	97		

## Kærð mál

Tafla 21 Kært til barnaverndarnefndar og hver kærði?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	20	9,3%
Nei	195	90,7%
	215	100,0%


	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	4	21,1%
Móðir	11	57,9%
Foreldrar saman	3	15,8%
Aðrir	1	5,3%
	19	100,0%



Tafla 22 Kært til lögreglu og hvei

	Fjöldi	Hlutf.
Já	27	13,0%
Nei	176	84,6%
Er í vinnslu bvn.	5	2,4%
	208	100,0%

	Fjöldi	Hlutf.
Polandi	14	58,3%
Móðir	3	12,5%
Foreldrar saman	2	8,3%
Barnaverndarnefnd	5	20,8%
	24	100,0%




Töflur 21 og 22 sýna hve mörg þeirra kynferðisofbeldismála sem leitað var með til Stígamóta 1998 voru kærð til barnaverndarnefnda og/eða lögreglu. Í ljós kemur að 9,3% málanna voru kærð til barnaverndarnefnda og til lögreglu eða 13%.

Aftöflum 23-25 hér á eftir má ráða hvernig málum sem voru kærð til lögreglu reiðir af í dómskerfinu. Ekki skal því haldið fram að þessar tölur gefi hárrétta mynd af því hvernig málum reiðir af í réttarkerfinu en þær eru þó væntanlega vísbending um það.


Tafla 23 Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi	Hlutf.
Já	5	21,7%
Málið er í vinnslu	13	56,5%
Málið fellt niður	5	21,7%
	23	100,0%




Tafla 24 Hvernig var dæmt í málinu í héraði?

	Fjöldi	Hlutf.
Dómur ekki fallinn	7	30,4%
Dæmdur í fangelsi	2	8,7%
Sýknaður	2	8,7%
Er í vinnslu	12	52,2%
	23	100,0%



Tafla 25 Hvernig var dæmt í málinu í hæstarétti?


	Fjöldi	Hlutf.
Dómur ekki fallinn	7	30,4%
Dómur héraðsd. staðfestur	3	13,0%
Málinu vísað frá	1	4,3%
Ekki vísað til hæstaréttar	12	52,2%
	23	100,0%



## Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn.

Tafla 26 Fjöldi ofbeldismanna og kyn þeirra.

	Fjöldi	Hlutf.
Kona	5	2,3%
Karl	209	97,7%
	214	100%



Mikið hefur verið um það rætt hvort kynferðisofbeldi sé alfarið kynbundið ofbeldi, það er hvort það séu fyrst og fremst karlar, sem beiti konur, börn og aðra karla ofbeldi. Í töflunni og súluritinu hér að ofan kemur í ljós að það eru nánast alfarið karlar sem að beitt hafa þá þolendur kynferðisofbeldi, sem til Stígamóta leituðu 1998 eins og undanfarin ár.

## Tölulegar upplýsingar um félagslega stöðu ofbeldismanna.

Tafla 27 Aldur ofbeldismanna.


	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	
	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
1-10 ára	2,9%	0,4%	0,6%	0,5%	0,3%	0,3%	2	0,9%
10-16 ára	7,9%	14,3%	15,3%	16,0%	17,2%	12,6%	31	14,4%
17-19 ára	14,6%	11,0%	12,3%	9,3%	13,9%	8,2%	25	11,6%
20-29 ára	20,9%	20,7%	18,8%	24,3%	19,9%	19,1%	36	16,7%
30-39 ára	21,9%	23,4%	20,5%	23,1%	23,0%	19,5%	50	23,1%
40-49 ára	11,6%	11,4%	10,5%	8,4%	8,2%	12,3%	26	12,0%
50-59 ára	5,0%	5,6%	5,7%	5,2%	6,3%	5,1%	12	5,6%
60 og eldri	3,2%	5,0%	8,4%	7,1%	6,6%	5,8%	4	1,9%
Óvist	12,1%	8,3%	7,9%	6,1%	4,6%	17,1%	30	13,9%
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	216	100%
<i>Fjöldi</i>	786	483	522	407	366	283		

Tafla 28 Menntun ofbeldismanna.

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	
	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.
Er í skyldunámi	4,2%	14,7%	4,4%	10,6%	12,6%	4,4%	11	5,1%
Er í framhaldsnámi	1,1%	6,6%	4,0%	7,4%	8,5%	4,1%	19	8,8%
Er í háskólanámi	0,8%	0,8%	0,4%	1,2%	1,6%	2,0%	5	2,3%
Lokið skyldunámi	22,8%	54,5%	55,4%	56,8%	54,9%	57,0%	124	57,4%
Lokið menntaskóla	3,8%	8,7%	11,3%	8,1%	5,5%	8,5%	22	10,2%
Lokið háskólanámi	2,9%	4,3%	3,1%	3,9%	4,6%	4,8%	16	7,4%
Lokið öðru sérnámi	7,1%	6,8%	5,9%	6,4%	5,7%	6,5%	5	2,3%
Óvist	57,3%	3,5%	15,5%	5,7%	6,6%	12,6%	14	6,5%
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	216	100%
<i>Fjöldi</i>	786	483	522	407	366	293		

Tafla 29

Atvinna ofbeldismanna.



Taflan um aldur ofbeldismanna árin 1992-1998 sýnir að ofbeldismennirnir eru á öllum aldri. Í 10,8% til 17,5% tilvika eru þeir 16 ára og yngri. Það virðist því næsta algengt að ungir piltar beiti sér yngri börn ofbeldi af kynferðislegum toga. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa "læknisleiki" barna. Þolendur ofbeldisins upplifa það sem ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á "besta" aldri.

Tafla 28 um menntun ofbeldismanna sýnir að menntunarlegur bakgrunnur þeirra er mismunandi þegar þeir beita þolendur kynferðisofbeldi.

Tafla 29 sýnir atvinnu ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið. Af þeim upplýsingum sem koma fram í töflunum hér að ofan er óhætt að fullyrða að ofbeldismennirnir séu á öllum aldri, hafi mismunandi menntunarlegan bakgrunn og að þeir komi úr öllum starfsstéttum þjóðfélagsins.


Tafla 30

Hjúskaparstaða ofbeldism

	Fjöldi	Hlutf.
Einhleypur	73	38,8%
Í sambúð	29	15,4%
Giftur	66	35,1%
Fráskilinn	4	2,1%
Barn innan 16 ára	16	8,5%
	188	100%


  

	Fjöldi	Hlutf.
Vitað um	188	87,0%
Ekki vitað	28	13,0%
	216	100%



Tafla 31 Börn ofbeldismanna.

	Fjöldi	Hlutf.
Já	105	58,3%
Nei	58	32,2%
Ekki vitað	17	9,4%
	180	100%



Í töflunum er miðað við hjúskaparstöðu og barnafjölda þegar ofbeldið er framið. Rúmlega helmingur þeirra sem vitað er um, hafa verið í hjúskap eða sambúð þegar þeir frömdu ofbeldið og tæplega 60% þeirra á börn. Hlutfallið er svipað milli ára.

Tafla 32 Hafa ofbeldismenn einnig beitt aðra ofbeldi?

Sifjaspell

	1992		1993		1994		1995		1996		1997		1998	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Já	173	22,0%	59	12,2%	89	17,0%	51	12,5%	52	14,2%	50	17,1%	31	14,4%
Nei	613	78,0%	424	87,8%	433	83,0%	356	87,5%	314	85,8%	243	82,9%	184	85,6%
	786	100%	483	100%	522	100%	407	100%	366	100%	293	100%	215	100%

Nauðgun

	1992		1993		1994		1995		1996		1997		1998	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Já	31	3,9%	14	2,9%	12	2,3%	12	2,9%	4	1,1%	7	2,4%	7	3,3%
Nei	755	96,1%	469	97,1%	510	97,7%	395	97,1%	362	98,9%	286	97,6%	208	96,7%
	786	100%	483	100%	522	100%	407	100%	366	100%	293	100%	215	100%

Í töflunum kemur fram hversu margir ofbeldismannanna hafa beitt aðra sifjaspellum eða nauðgunum, svo vitað sé, hvort tveggja flokkað eftir árum. Þessar tölur byggjast á því að þolendur hafa fengið vitneskju um önnur börn í fjölskyldunni, sem sami ofbeldismaður beitti kynferðisofbeldi, þegar málin eru opnuð og rædd innan fjölskyldunnar. Fram að þeim tíma var þetta ofbeldi, eins og megnið af kynferðisofbeldi, vel falið. Varðandi nauðganir kemur stundum í ljós að þegar vinkonur ræða saman um þessi mál að sami nauðgari hefur einnig nauðgað þeim.

Við tölulega úrvinnslu þessarar skýrslu nutum við ómetanlegrar aðstoðar starfsmanna Gallup og Ingólfs Árnasonar. Við færum þeim okkar bestu þakkir.

